

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2275****2023/EES/26/08**

frá 15. desember 2016

**um jafngildi regluramma um miðlæga mótaðila í Japan í samræmi við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- (1) Ferlið við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum með staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaðilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðun um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.
- (2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti gildandi fyrirkomulag laga og eftirlits í megindráttum að hafa sömu áhrif og kröfur Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.
- (3) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- (4) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu verður miðlægur mótaðili með starfsleyfi í þriðja landi að fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- (5) Hinar lagalega bindandi kröfur Japans að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, samanstanda af lögnum um fjármálagerninga og kauphallir frá 2006 (the Financial Instruments and Exchange Act (FIEA)) sem koma á fót eftirlitsramma fyrir stofnanir sem stöðustofna verðbréf og fjármálaafleiður, og lögnum frá 2009 um hrávöruafleiður (the Commodity Derivatives Act (CDA)) sem kveða á um eftirlitsramma fyrir stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur. Núverandi ákvörðun tekur aðeins til fyrirkomulagsins sem sett er fram í lögnum um hrávöruafleiður fyrir stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur (CTCO). Í lögnum um hrávöruafleiður eru settar fram kröfur sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að uppfylla á áframhaldandi grundvelli til að geta veitt stöðustofnunarþjónustu í Japan. Stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að fá starfsleyfi hjá lögbærum ráðherra. Lögbær ráðherra getur sett skilyrði fyrir leyfisveitingu til handa stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur. Landbúnaðar-, skógræktar og sjávarútvegsráðherra (MAFF) er lögbær ráðherra stofnana sem eingöngu stöðustofna viðskipti með hrávörur á hrávörumörkuðum sem falla undir valdsvið hans. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra (METI) er lögbær ráðherra stofnana sem eingöngu stöðustofna viðskipti með hrávörur á hrávörumörkuðum sem falla undir valdsvið hans. Hvað varðar aðrar stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur eru bæði landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra hinir lögbæru ráðherrar.
- (6) Þá birtu landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra, í nóvember 2014, „Grundvallarreglur um eftirlit með stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur“ (Basic Guidelines on

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

Supervision of Commodity Clearing Organisations) („viðmiðunarreglurnar“) þar sem nánar er greint frá eftirlitsrammanum um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með tilliti til meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða (Principles for Financial Markets Infrastructures (PFMI)) sem greiðslu- og uppgjörsnefndin birti í apríl 2012 ⁽¹⁾ ásamt Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, einkum hvernig stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að fara að lögum um hrávöruafleiður. Viðmiðunarreglunum er hrundið í framkvæmd í innri reglum og verklagsreglum stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur.

- (7) Samkvæmt grunnreglunum verða stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur að taka upp eigin reglur um góða viðskiptahætti - innri reglur og verklagsreglur stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur - sem uppfylla gildandi lög og reglur og gera það mögulegt að viðskipti með afleiður eigi sér stað á tilhlýðilegan og traustan hátt. Eigin reglur um góða viðskiptahætti tryggja líka að fjárhagsstaða stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur dugi til að stöðustofna hrávörur, að væntar tekjur og útgjöld hvað varðar viðskipti stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur séu hagstæðar, að starfsfólk stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur búi yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að stjórna stöðustofnun hrávára á viðeigandi hátt og af öryggi, og að uppbygging og kerfi stofnana sem stöðustofna viðskipti með hrávörur séu nægilega þróuð til að uppgjör geti gengið fyrir sig á fullnægjandi hátt. Lögbær ráðherra þarf að samþykkja þessar innri reglur og verklagsreglur, og þeim má ekki breyta ef hann er þeim mótfallinn.
- (8) Hinar lagalega bindandi kröfur sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með starfsleyfi í Japan eru því tvískiptar. Í grundvallarreglum fyrir stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem settar eru fram í meginreglunum, er mælt fyrir um meginstaðla sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur verða að uppfylla til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Japan (kallast saman „meginreglurnar“). Þessar meginreglur eru fyrri þrep lagalega bindandi krafna í Japan sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur leggja innri reglur og verklagsreglur sínar fyrir lögbæran ráðherra til samþykkis. Þessar innri reglur og verklagsreglur eru annað þrep hinna lagalega bindandi krafna í Japan sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem skulu veita ítarlega forskrift að því er varðar með hvaða hætti umsóknarstofnunin um að stöðustofna viðskipti með hrávörur uppfyllir þessa staðla í samræmi við viðmiðunarreglurnar. Enn fremur innihalda innri reglur og verklagsreglur stofnananna sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, viðbótarákvæði sem bæta við meginreglurnar. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra meta hvort stofnun sem stöðustofnar viðskipti með hrávörur uppfyllir þessa staðla, sem og meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða. Þegar lögbær ráðherra hefur samþykkt innri reglurnar og verklagsreglurnar verða þær lagalega bindandi fyrir stofnunina sem stöðustofnar viðskipti með hrávörur.
- (9) Við mat á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur sem komið er á fót í Japan, ætti einnig að taka tillit til niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangar með staðfestu í Sambandinu standa frammi þegar þeir taka þátt í þessum aðilum. Niðurstaða áhættumildunar ákvarðast bæði af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfsemi minni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir og er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar er nauðsynlegt að gera strangari kröfur um áhættumildun til miðlægra mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.
- (10) Fjármálamarkaðurinn þar sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og eru með starfsleyfi í Japan stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförunum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta, sem stöðustofnuð hafa verið í Japan, verið minna en 2% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð hafa verið í Sambandinu. Því hefur þátttaka í stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur í Japan í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaradila og viðskiptavettvanga með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.
- (11) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með staðfestu í Japan getur því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með staðfestu í Japan, sem studdar eru af innri reglum og verklagsreglum þeirra sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda hina minni áhættu sem er fyrir hendi í Japan og ná fram niðurstöðu áhættumildunar sem er jafngild þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- (12) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan tryggi að stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

⁽¹⁾ Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin.

- (13) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, að kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- (14) Eftirlit með stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og eru með starfsleyfi í Japan annast efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra, innan viðkomandi valdsviða sinna, innan valdsviðs hvors ráðuneytis. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta gefið stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og stöðustofnunaðilum þeirra fyrir mæli um að leggja fram skýrslur eða efni um eignir þeirra eða viðskipti. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta einnig gert eftirlitsúttektir á stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og stöðustofnunaðilum þeirra, þ.m.t. á bókhaldi og skjölum eða hverjum öðrum þætti sem tengist viðskiptum þeirra. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta gefið stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur fyrir mæli, ef þeir telja það nauðsynlegt og viðeigandi, um rétta og áreiðanlega framkvæmd stöðustofnunarþjónustu, um að breyta félagssamningum sínum, reglum um góða viðskiptahætti og öðrum reglum, breyta viðskiptaaðferðum sínum eða grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að bæta viðskiptaþjónustu eða ástand eigna sinna. Efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra og landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra geta einnig beitt stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, viðurlögum og sektum ef þær fara ekki að gildandi ákvæðum.
- (15) Niðurstaðan er því að stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur með starfsleyfi í Japan falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd á viðvarandi grunni.
- (16) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 verður fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan að fela í sér skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).
- (17) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um starfsleyfi sem stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, er gerir þeim kleift að veita sömu þjónustu í Japan og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu. Fjármálaeftirlit Japans (The Japan Financial Services Agency (JFSA)) hefur valdheimild til að tilgreina hrávörur, í samráði við ráðherrann sem hefur lögsögu yfir hrávörumarkaði, sem hægt er að hafa viðskipti með á markaði með fjármálagerninga (FIM) samkvæmt japönskum lögum um fjármálagerninga og kauphallir. Þegar miðlægir mótaðilar þriðja lands stöðustofna slíka tilnefnda samninga sem viðskipti eru með á markaði fyrir fjármálagerninga getur miðlægí mótaðilinn sótt um leyfi fyrir „erlenda miðlæga mótaðila“ til fjármálaeftirlits Japans sem gerir þeim kleift að veita sömu þjónustu í Japan og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu. Viðmiðanirnar sem beitt er á miðlægan mótaðila þriðja lands sem sækir um leyfi eru líkar viðmiðunum sem beitt er gagnvart stöðustofnunarfyrtækjum í Japan, en miðlægir mótaðilar þriðja lands eru undanþegnir vissum kröfum sem gilda um innlenda miðlæga mótaðila með starfsleyfi í Japan ef þeim hefur verið veitt jafngilt leyfi frá yfirvaldi viðkomandi þriðja lands sem fjármálaeftirlit Japans hefur gert samstarfssamkomulag við. Miðlægir mótaðilar í þriðja landi sem stöðustofna samninga sem ekki eru tilnefndir til viðskipta á markaði fyrir fjármálagerninga, þurfa að sækja um leyfi hjá landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra samkvæmt japönsku lögnum um hrávöruafleiður. Þegar landbúnaðar-, skógræktar- og sjávarútvegsráðherra og efnahags-, viðskipta- og iðnaðarráðherra meta umsókn um leyfi taka þeir tillit til leyfisstöðu hins miðlæga mótaðila í þriðja landinu.
- (18) Niðurstaðan er því að fyrirkomulag laga og eftirlits Japans kveði á um skilvirkt, jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.
- (19) Þessi ákvörðun gerð er á grundvelli lagalega bindandi krafna, að því er varðar stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, sem gilda í Japan þegar þessi ákvörðun er samþykkt. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Japans að því er varðar stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggist á, hafi verið uppfyllt.
- (20) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Japan vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar ætti ekki að hafa áhrif á þann möguleika framkvæmdastjórnarinnar, í samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunina, að ráðast í sérstaka endurskoðun hvenær sem er utan hinnar almennu endurskoðunar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem var samþykkt með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.
- (21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Japan, sem samanstendur af lögnum um hrávöruafleiður frá 2009 eins og bætt er við þau með grundvallarreglunum um eftirlit með stofnunum sem stöðustofna viðskipti með hrávörur, og gilda um stofnanir sem stöðustofna viðskipti með hrávörur sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
